

15. maí 2017
376. mál.

112. fundur í heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis.
Eftirfarandi var bókað.

3. "Frumvarp Breyting á lögum 7./1998 EES - reglur losun frá iðnaði.
Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga lýsa óánægju með framkomuð frumvarp. Tilskipun um loftlagsmál er sett inn í almenn rammalög sem getur valdið misskilningi um hvort þau ákvæði gildi einnig um önnur mengandi fyrirtæki. Ákvæði um að afnema starfsleyfisskyldu af meirihluta fyrirtækja sem heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga er ætlað að sinna, orkar tvímælis. Við þá breytingu hverfa 4-5% af tekjum eftirlitsins. Óvissa verður um hvar og hvernig þvingunaraðgerðir verða vistaðar hjá eftirliti eða hjá miðstýrðri stofnun. Einnig vantar hvaða skyldur fyrirtæki hafa varðandi skráningu í stað starfsleyfis. Sveitarfélög eru þá sett í þá stöðu að innheimta gjöld fyrir eftirlit eftir listum sem Umhverfisstofnun vinnur. Flækjustig fyrirtækja eykst þar sem eftir sem áður þurfa fyrirtæki að sækja um starfsleyfi vegna matvælahlutans. Nú fá t.d. tjaldstæði með einka vatnsból starfsleyfi sem gildir bæði fyrir tjaldstæði og vatnsbólið en eftir breytingu þarf þá að gefa út starfsleyfi fyrir vatnsból en tilkynna sig til UST vegna tjaldstæðis. Heilbrigðisnefnd Vestfjarða hvarmar að sama frumvarp komi fram nánast óbreytt og tekur undir umsagnir annarra heilbrigðiseftirlitssvæða og Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

Viðringarfullt

Anton Helgason
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða